



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Vegagerðin

Tæknideild Norðursvæðis

B.t. Magnús Björnsson

Miðhúsavegur 1

600 Akureyri

Hafnafjörður 31.01.2025

Efni: Umsögn vegna framkvæmda á veginum yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð - ræsagerð

Inngangur

Vegagerðin óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar, með tölvupósti dagsettum 30. janúar 2025, vegna fyrirhugaðra framkvæmda á veginum yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð. Þar á að endurbyggja og styrkja núverandi veg og setja ræsi í Gunnlaugsá. Í gögnum frá Vegagerðinni kom fram að ræsið verði grafið niður að hluta og er í landi þar sem halli er líttill. Tölvupóstinum fylgdu yfirlitsmyndir (myndir 1-3) og langsnið af ræsinu (mynd 4).

Litlar upplýsingar eru til um lífríki og fiskgengd, en þó eru veiði stunduð á bæði bleikju og urriða í Sauðanesvatni sem Gunnlaugsá rennur í. Gera þarf því ráð fyrir því að áin sé að nýtast sem uppeldissvæði fyrir þessar fisktegundir.

Niðurstöður

Úttekt á ræsum og brúm á þremur svæðum á Íslandi, í Skagafirði, Fljótum og á Ströndum sem framkvæmd var af starfsmönnum Veiðimálastofnunar árið 2005 leiddi í ljós að í 40% tilfella hindraðu ræsi far fullorðinna laxfiska en í 83% tilfella ferðir laxfiskaseiða (Guðmundur Ingi Guðbrandsson og fleiri 2005). Það má því vera ljóst að ræsagerð getur haft talsverð áhrif á stofna laxfiska. Það sem einkum hafði áhrif var að fullorðnir fiskar komust ekki um ræsi ef meðalvatnsdýpt í ræsi var of lítil eða há fallhæð úr ræsi og grjót við útfall. Auk þess gat mikill straumhraði í ræsum valdið göngutöf og/eða verið farartálmi fyrir seiði. Til viðmiðunar þá má straumhraði fyrir fullorðin silung ekki fara yfir 1,2 m/s og ekki 0,6 m/s fyrir silungaseiði (Bates 2003). Tekið skal fram að 0,6 m/s markið miðast við rör þar sem náttúrulegur botn er til staðar, ef rörbotninn er án botnefnis færist hámarks straumhraði niður í 0,34 m/s.

Hafrannsóknastofnun leggur áherslu á það að við hönnun og frágang á ræsum sé hugað að þessum atriðum. Fyriráætlanir Vegagerðarinnar eru að ganga frá ræsinu með það í huga að ekki myndist stallar við ræsaenda og að passa upp á að ræsið verði að hluta niðurgrafið.

Miðað við framkomnar upplýsingar telur Hafrannsóknastofnun að framkvæmdirnar muni hafa takmörkuð og eingöngu staðbundin skammtímaáhrif á lífríki.

Almennt skal við framkvæmdir í ám hafa eftirtalda þætti í huga til að lágmarka áhrif á lífríki.

- 1) Framkvæmdaaðili skal gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn árinnar svo sem að grugga það upp.
- 2) Hindra að olía eða aðrir skaðlegir vökkvar smitist frá vinnuvélum og tækjum í eða við ána.
- 3) Takmarka ætti framkvæmdasvæðið í ánni eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum frekar en nauðsynlegt er framkvæmdarinnar vegna.
- 5) Ganga skal frá framkvæmdastað þannig að hætta á að lífríki skaðist sé í lágmarki.
- 6) Ganga skal frá jarðvegssárum nálægt bökkum vatnsfalla þannig að ekki skolist úr þeim jarðvegur.
- 7) Við notkun steypu skal hafa í huga að óhörðnuð steypa er mengandi. Hún er hættuleg lífríkinu komist hún í beina snertingu við árvatnið. Ef unnt er, væri æskilegt að forða því að steypa eða steypuskol leki út í árvatnið. Steypa þarf a.m.k. viku til að harðna svo að óhætt sé að hleypa árvatni í snertingu við hana
- 8) Gera þarf verkta ka grein fyrir mikilvægi þess að lágmarka áhrif á lífríki og umhverfi.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Hlynur Bárðarson


Hlynur Bárðarson

Heimildir:

Bates K., B. Barnard, B. Heiner, J.P. Klavas og P.D. Powers 2003. Design of Road Culverts for Fish Passage. Sérrit Washington Department of Fish and Wildlife: 110 bls.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elvarsdóttir og Karl Bjarnason 2005. Áhrif brúa- og ræsagerðar á ferðir ferskvatnsfiska og búsvæði þeirra. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/0503: 101 bls.

Myndir




Mynd 1. Yfirlitsmynd, veglína yfir Gunnlaugsá



Mynd 2. Gunnlaugsá við vegstæði



Mynd 3. Gunnlaugsá við fyrirhugað vegstæði



Mynd 4 Langsnið á ræsi